

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**2. fundur 2017 (67. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 10.02.2017 kl. 08:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun
Glóey Finnsdóttir	Isavia
Stefán Gunnar Thors	VSÓ Ráðgjöf
Sigbjörn Kjartansson	Gláma Kím

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála**

Undir þessum lið sátu fundinn lögfræðingur Isavia og ráðgjafar Isavia við gerð aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 31.01.2017, varðandi afgreiðslu stofnunarinnar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem skipulagsnefndin hafði samþykkt og vísað til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun vísaði málinu til umhverfis- og auðlindaráðherra og utanríkisráðherra vegna tiltekinna formgalla á skipulaginu að mati stofnunarinnar.

Ennfremur var lagt fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 07.02.2017, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsnefndarinnar um tillögu Skipulagsstofnunar að frestun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013-2030 að hluta.

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 06.02.2017, varðandi umsögn stofnunarinnar um erindi skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um afgreiðslu Skipulagsstofnunar vegna staðfestingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, sjá bókun á fundi skipulagsnefndar þann 20.01.2017.

Skipulagsfulltrúi gerði nánari grein fyrir erindi Skipulagsstofnunar um frestun á staðfestingu aðalskipulagsins að hluta. Fram kom að stjórn Isavia styður skipulagstillöguna að öllu leyti og staðfesti formaður nefndarinnar að það hefði komið

fram á fundi hans og skipulagsfulltrúa með stjórn Isavia. Rætt var um að heppilegt væri að fá álíka stuðning frá Landhelgisgæslunni og samstarfsnefnd um svæðisskipulag Suðurnesja.

Stefnt er að því að umbeðin umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins liggi fyrir innan viku.

Samþykkt var að fara fram með stjórnsýslukæru þá á hendur Skipulagsstofnun sem fram kemur í bókun á fundi nefndarinnar þann 20.01.2017 og mun Isavia aðstoða við undirbúning kærunnar.

## **2. Fyrirspurn frá Isavia um vegagerð milli flugstöðvarsvæðis og Háaleitishlaðs**

Isavia hyggst leggja þjónustuveg milli flugstöðvarsvæðis og Háaleitishlaðs. Það er mat skipulagsnefndarinnar að gera þurfi deiliskipulag vegna gerðar vegarins. Gildandi aðalskipulag flugvallarins sýnir veg á umræddum slóðum.

## **3. Flýtireinar við flugbrautir**

Vísað er til bókunar á 62. fundi skipulagsnefndarinnar þann 19.08.2016 um erindi Isavia varðandi gerð flýtireina við flugbrautir á Keflavíkurflugvelli. Skipulagsstofnun taldi gerða flýtireinanna ekki matsskylda. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem með úrskurði dags. 15.12.2016 vísaði kærinni frá vegna skorts á aðild kæranda að málinu.

Skipulagsnefndin samþykkti umsókn Isavia um framkvæmdaleyfi fyrir flýtireinarnar.

## **4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þann 24.02.2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)